

48. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í Norð- 1859.
ur- og Austur-umdæminu, um drátt á alþingis- 14. október.
kosningum í Húnavatnssýslu.

Þér hafið, herra amtmaður, sent álit hlutadeiganda sýslumanns um það, hverjum væri að kenna um drátt þann, sem seinast varð á að velja alþingismann og varaalþingismann fyrir Húnavatnssýslu. Þér hafið og í bréfi, dags. 16. júlí þ. á., látið það álit í ljósi, að eptir því sem fram væri komið í máli þessu, mundi ekkert frekara við það að gjöra, nema að svo miklu leyti sem stjórnin vildi láta leggja ríkt á við hlutadeigandi presta, að gæta betri reglu, þegar semja skyldi kjörskrár næsta sinn.

Í þessu tilliti látum vér yður vita, að eptir því sem á stendur virðist að sönnu ekki næg ástæða til, að láta hlutadeigendur sæta ábyrgð fyrir aðferð þeirra í máli því, er hér ræðir um; en þaræð kjörskrárnar úr Hjaltabakka, Hofs og Höskuldstaða prestaköllum eptir skýrslu sýslumannsins ekki eru dagsettar fyr en í ágústmánuði, og frá Hofs og Höskuldstaða prestunum ekki komnar til sýslumannsins fyr en seinast í þessum mánuði, þó að hann þegar í byrjun júnímánaðar hefði boðið að senda sér þær innan júlímánaðar loka, þá finnur stjórnin ástæðu til, til að koma í veg fyrir slíka óreglu framvegis, að mælast til við yður, herra amtmaður, að leggja ríkt á við fyrnefnda þrjá hlutadeigandi sóknarpresta, að ljúka í tækan tíma störfum þeim, sem hér ræðir um, og þeir eru skyldir til að lögum.

49. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 15. október.
Norður- og Austur-umdæminu, um uppbót til
eins umboðsmanns fyrir þann halla, er hann hafði
líðið sökum verðlags á vörum.

Þér hafið, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá frá Birni Skúlasyni, umboðsmanni Skriðu klausturs; sækir hann um að fá uppbót á skaða þeim, er hann hefur orðið fyrir, af því að undanfarin reikningsár hefur verið svo mikill munur á gangverði